Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Greinargerð um Bæjarútgerð Hafnarfjarðar 1936-1937

Bjarni Benediktsson – Greinargerð um Bæjarútgerð Hafnarfjarðar 1936-1937

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarútgerð Hafnarfjarðar var stofnuð árið 1931 með einu skipi Togaranum Maí. Í kosningunum 1934 lofaði Emil hafnfirðingum nýjum togara en þegar þeir voru búnir að kjósa hann í ~~þing~~ bæjarstjórn þá lét hann þá fá gamlan og lélegan togara sem kallaður var „Júní".

Samkvæmt efnahagsreikningi Bæjarútgerðarinnar 31 des. 1935 var bæjarútgerðin búin að tapa 285.743.55 Kr. En þetta er ekki rétt því að fyrsta árið sem Maí var rekinn þá hækkar sósar hann í verði um 70 þús kr. til þess að leyna hinu stóra tapi sem varð á rekstri skipsins það ár. Enda er hann nú bókfærður um 70 kr. hærra en Júní en bæði skipin eru jafn gömul.

Tapið fyrir árið 1936 mun vera um 150–200 þús krónur.
Bæjarútgerðin hefur sérstöðu við aðra útgerðarmenn í Hafnarfirði hún þarf ekki að hafa aðrar áhyggjur en eiga til ávísanar hefti á útvegsbankann.
Um síðustu áramót var bæjarútgerðin búin að yfirdraga hlaupareikninga sína um 350 þúsund krónur.

Skipinu hefur verið haldið illa við og þar með traðkað á öryggi sjómannanna og gekk það svo langt að á síðasta hausti var ásigkomulag togarans Maí þannig að að ~~Hodys~~ ~~Lloyds~~ Lloyds í England sem Maí var í klassa hjá neitaði að hafa hann í klassa lengur og strikaði skipið út úr bókum sínum. Vegna þess að bæjarútgerðin fékkst ekki til að láta ~~flokka~~ gera við skipið eins og flokkunarfélagið heimtaði. Fyrst þegar búið var að reka skipið frá Lloyds þá átti að sigla því út til klössunar. En vátryggingarfélagið neitaði því nema skipið væri tekið í slipp til skoðunar þannig var ástand skipsins
Eftir langt þref var skipið klassað hér heima

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig en sósar þeir tradka á öryggi sjómannanna setu met í að tapa á útgerð tapið um síðustu áramótin minst 500-~~5~~550 þúsund krónur

286 pund
70 mat of hátt bókfærðar
200 Tap 1936 reikningarnir þó ekki komnir fram
556 þús

Þá má ekki gleyma öllum samvinnufjelögunum sem sósar hafa stofnað í Hafnarfirði. Öll hafa þau átt sammerkt með því að þau hafa látið sjómennina vinna fyrir hálft kaup og það oft minna en menn hafa haft á samvinnuskipum hjá einkaútgerðinni. Dæmi eru til þess að sjómennirnir hafa unnið fyrir alls ekki neitt og þegar þeir voru óánægðir var þeim sagt að ef rjettinum skeði þá ættu þeir að borga til því tap hefði orðið á öllu saman.

Óskar Jónsson kaupfjelagsstjóri frá Dýrafirði og fyrverandi formaður Hlífstafjelags Hafnarfjarðar hefur gengið lengst í því að láta sjómenn vinna lítið eða ekkert kaup. Þar næst Ásgeir Stefánsson forstjóri bæjarútgerðarinnar

Þessir menn vildu hjálpa sjómönnunum ekki þó með því að þeir vildu hætta sínu fje heldur var allri áhættunni velt yfir á sjómennina svo þeir höfðu sama og ekkert kaup. Broddarnir höfðu alt á þurru. Þeir hætta ekki fje sínu ~~af~~ ~~að~~ í útgerð ef að að borga á sjómönnunum kaup eftir taxta sjómannafjelaganna sem þeir sjálfir hafa verið með að útbúa. Nei þá er áhættan of mikil fyrir þá. En þess í stað ~~inn~~ bjóða þeir sjómönnunum upp í samvinnu útgerð ~~fjelag~~ sem þeir ætla að stjórna fyrir þá án allrar ábyrgðar og áhættu fyrir broddana.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur